

Flensborgarhöfn og Óseyrarsvæði

Samráðsnefnd um gerð rammaskipulags

13. fundur

Mánudaginn 25. mars 2019 kl. 16.00 á hafnarskrifstofunni

Mætt: Kristín Thoroddsen, Ágúst Bjarni Garðarson, Ólafur Ingi Tómasson, Gylfi Ingvarsson, Guðrún Guðmundsdóttir, Karólína Helga Símonardóttir og Lúðvík Geirsson. Einnig mætti til fundarins Jónas Þór Þorvaldsson verkefnastjóri og ráðgjafi lóðarhafa á Flensborgar- og Óseyrarsvæði.

- 1) Jónas Þór fór yfir áherslur og hugmyndir varðandi nánari útfærslu á uppbyggingu á einstökum skipulagssvæðum, nýtingarmöguleika, húsaform og umferðarmál. Einnig farið yfir megináherslur í forsendum fyrir skipulagi á mismunandi svæðum. Rætt um tímaramma og uppbyggingartíma.
- 2) Kristín gerði grein fyrir stöðu verkefnisins eftir vinnufund í Gautaborg og þeim þáttum sem arkitektar eru að útfæra nánar fyrir næsta vinnufund með samráðsaðilum. Lúðvík fór yfir atriði sem þarf að huga nánar að varðandi hafnaraðstöðu á Flensborgarsvæðinu og samráðsfund með fulltrúm Siglingaklúbbsins Þytur.
- 3) Guðrún lagði fram tillögu að verkskipulagi fyrir heimsókn arkitekta og vinnufundi í annarri vku apríl. Farið verður yfir skipulagssvæðið og fundað með ýmsum þjónustu- og reksraraðilum, auk samráðsfunda með ráðgjöfum og lóðarhöfum auk almenns kynningarfundar með íbúum sem haldinn verður í Kænunni.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:30
LG ritaði fundargerð